

Að mála timburhús

með sjálfhreinsandi ONE Super Tech nanóakrýl



Aðferð

Flöturinn sem mála skal þarf að vera hreinn og þurr (hámark 16% raki).

Nýmálun

1. Gegndreypið alla fleti sem mála skal með Tinova Wood Base Oil og þá sérlega vel gljúpa fleti eins og endatré.
2. Grunnið allan flötinn með Tinova Primer Exterior.
3. Málið yfir tvisvar sinnum með ONE Super Tech.
4. Á hallandi fleti er ráðlegt að setja aukaumferð.

Endurmálun

1. Þvoið allan flötinn með Original Málartvätt. Blandið Málartvätt með allt að 20 hlutum vatns móti 1 hlut hreinsiefnisins. Fyrir mjög óhreina fleti skal blanda vatni í hlutfallinu 10:1. Berið blönduna á með svampi eða bursta. Látið blönduna liggja á fletinum í nokkrar mínútur og skrúbbið af með blautri tusku eða bursta og vatni. Ef á fletinum er mygla, mold eða annar gróður skal þvo flötinn með Original Hustvätt. Skolið vel eftirá með vatni. Látið flötinn þorna vel áður en málað er.
2. Alla gamla og lausa málningu skal fjarlægja. Slípið gljáandi fleti matta með sandpappír til að tryggja góða viðloðun. Fúa eða gráma í tré skal pússa niður eða fjarlægja með grámahreinsinum Tinova Wood Cleaner uns komið er í eðlilegan viðarlit. Eftir meðferð með grámahreinsi þarf viðurinn að þorna vel í 1-3 daga.
3. Hreinan beran við (þar sem málning hefur flagnað af) skal fúaverja fyrst með Tinova Wood Base Oil. Grunnið síðan með Tinova Primer Exterior.
4. Málið yfir tvisvar sinnum með ONE Super Tech.

Annað

Hrærið vel í málningarfötunni áður en málað er. Ekki mála ef sólskin skín beint á flötinn eða ef hætta er á rigningu eða daggarmyndun næstu klukkutímana eftir málun.

**Nákvæmari upplýsingar um efnin má finna í tækniblöðum.*

Heilsufars- og umhverfismál

Ekki láta málningardósina standa opna meðan á verki stendur. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Ekki hella málningarleifum og hreinsiefnum í niðurföll. Tómum umbúðum og hreinsiefnaleifum skal skila til endurvinnslu-stöðva. Sjá frekari upplýsingar á öryggisblaði.



Tæknilegar upplýsingar

ONE Super Tech

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Akryl

Gljástig: 30% eða hálfmatt

Þurrktími: Við 23°C/50% raka, 1 klst

Yfirmálun: 2 klst

Hiti við málun: Minnst +5°C, mest +25°C

Rakastig: 40-80%, kjörakastig 65%

Þynning: Vatn

Verkfæri: Penslar, rúllur, sprautur

Þekja nýmálun: 4-6 m²/l

Þekja endurmálun: 6-8 m²/l

Hreinsun: Sápuvatn

Geymsla: Í frostfríu rými



SÉREFNI

Síðumúla 22, 108 Reykjavík | 517 0404 | serefni.is